

[Uppteiknun dánarbús Þórarins Jónssonar frá Ytri Ásum í Skaftártungu]

[Ári]ð 1781, þann 22. maí, registrað sterf-
[bú í] Ytri-Ásum eftir Þórarinn sál. Jónsson hvar
[e]ftir ekkja þess sál. velnefnda manns fram kom og
gaf til vitundar að hún gengi með barni þeirra,
hvers vegna skiptarétturinn fann fyrir réttvíst
eftir lögunum 1° að útvirða umboðs pen-
ing barns þess sál. manns fyrri konu og hans,
Sigríðar Þórarinsdóttur, sem eftir skiptarétti-
num af 10. júní 1779 vera á 8# 118 álnir, og þar
næst að uppskrifa það eftir verandi sterfbúsins
góss, til frekari forsikringar eftir ekkjunnar
lýsingu þá henni til næsta vors leyfist að sitja
í búinu eftir lögunum af þekktanlegu kenni-
teikni á henni um hennar framburð. Byrjaðist
svo útvirðing umboðsins sem fram fór á eftir-
[f]ylgjandi hátt:

	Hundruð	Álnir
Smiðjubelgur 20 álnir, steðji 70 álnir, er		90
Slaghamar 20 álnir, ljádengsluhamar 5 álnir, er		25
2 hnoðhamrar 4 álnir, smiðjutöng 8, er		12
[...]¹ heflar 4 álnir, 3 nafrar 5 álnir, 2 stingsagir 10 álnir, er		19
Skaröxi 7 álnir, naglalöð 5 álnir, 5 þjalir smáar og stórar 8 álnir, er		20
Beygitöng 2 álnir, kista 20 álnir, ditto 30 álnir, er		62
Þófi með veri og skinum 10 álnir, hamól með koparhringju 10 álnir, er		20
[...] gjarðarhringjur 16 álnir, sessa af gatasaum 35 álnir, er		51

Lateris	2	59
---------	---	----

Transport

Krosssaumssessa með bláu veri úr klæði
Niðurhlutur rauður 30 álnir, ditto blátt með skikkilegum um-
gjörðum en þó mjög gallað 50 álnir, er
Flanelssvunta með þremur látúnshnöppum og golgas brydingum
Lítillfjörlegur silkiklútur 15 álnir, ditto rauður af lérefti 15 álnir, er
Rauðleitur hálstrefill 4 álnir, rauð klæðissvunta með varp-
saum og 3 látúnshnöppum 34, er

¹ Hér mun vera einhver tala á undan sem er máð burt.

Einskeptu treyja² með flannelskraga breiðum með
flaugelisborða og lagður með vírborða
Svart hlekkjabelti
Gulleitur silkiklútur 20³
Heil og ný sálmabók 40 álnir, Biblíukjarni 18 álnir, er
Hattur 15 álnir, sokkabönd og bláir vetlingar 8 álnir, er
Mussa með 24 ebenhol[t]sknöppum og ný[j]u⁴ klæði með börmum
Buxur með 2 látúns- og 6 saumknöppum
Blá peysa með 23 látúnsknöppum og flannelsbryddingum
Sortaðir sokkar nýir 5 álnir, nærbuxur 6 álnir
Barkuð⁵ peysa með 24 látúnsknöppum
Sortaður brjóstadúkur með 6 knöppum, fóðraður
Sauðsvartar utanhafnarbuxur, vel sterkar
Síðhempa gömul með lítilfjörlegrum koparpörum
Utanhafnarbura úr vaðmáli ný
Sauðsvartir sokkar nýir 5 álnir, kvartel á 3⁶ tunnu gamalt 25 álnir, er
Keral[d] til 3⁷ fiska 15 álnir, rekstrasleggja
Rauðskjóttur hestur góðgengur, 4 vetra
Brúnt hross, 6 vetra

[Þí. Sýslumaður Skaftafellssýslu ED2/1]

[Jón Torfason skrifaði upp skjalið]

² Ritað „treigja.“

³ „Gulskjöldótt[ur] léreftsklútur 20 ál., sauðsvart vaðmál 6 ál., 1 qv. fullbreið vel um vent 40 ál., er.“ það síðasta ólæsilegt.

⁴ Á líklega að lesa svo. Hann skrifar raunar síðar „nýir“.

⁵ Óvíst. „Barka“ gæti verið það að súta en það á raunar ekki vel við peysu. „Bork“ er til í norrænu málunum, sbr. „börkur“.

⁶ Þ.e. „þriðju“.

⁷ Þ.e. til „þriggja“.